

SIGRÚN KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR

PISTILL RITSTJÓRA



Sigrún Kristín Magnúsdóttir

„Að svartsýnir hafi oft rétt fyrir sér þegar þeir halda því fram að ekki sé hægt að breyta hlutunum en hinir bjartsýnu komi breytingunum í kring,“ er haft eftir William Ury, kunnnum bandarískum sáttasemjara. Í ár fagnar Fræðslumiðstöð atvinnulífsins tíu ára afmæli. Árið 2002 sáu ekki margir fyrir að framhaldsfræðsla myndi verða fimmta stöðin í mentakerfinu á Íslandi en með lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 varð hún það. Óhætt er að staðhæfa að á liðnum áratug hafa

orðið straumhvörf í fræðslu fullorðins fólk með takmarkaða eða enga menntun úr framhaldsskóla. Umræðan hefur tekið miklum stakkaskiptum. Ný hugtök, aðferðir og tækni hafa orðið til. Auk þess hefur þeim fjölgað umtalsvert sem taka þátt í umræðunum.

Gátt er ársrit Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, FA, sem hér kemur út í níunda skipti með undirtitlinum: Ársrit um framhaldsfræðslu. Í ritinu í ár er alhliða umfjöllun um framhaldsfræðslu á Íslandi með meginþemanu atvinnulíf og fræðsla. Hér getur að líta fræðilegar greinar, reynslusögur og lýsingar á ýmsum möguleikum sem standa þeim til boða sem óska eftir fræðslu. Nálgun viðfangsefna er út frá sjónarhóli þeirra sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins á að þjóna, einstaklinga, atvinnulífsins og samfélagsins. Þemað atvinnulíf og fræðsla er leiðarstef í greinum um tengsl menntunar og atvinnulífs, þróun vinnnumarkaðar og þörf fyrir færni um hvað þarf að kunna og hversu vel. Greinar um hvernig starfsgreinasamtök, fyrirtæki og stofnanir takast á við að efla starfsfólk og gera það hæfara til þess að sinna verkum sínum. Einnig má nefna grein um verkefni á vegum NVL um árangursþætti áhrifamikilla menntaverkefna.

Sérstök ástæða er til að fagna mörgum greinum sem tengjast verkefnum stúdenta sem sérhæfa sig í námi fullorðinna og náms- og starfsráðgjöf fyrir fullorðna til meistara-prófs. Þar er stöðum rennt undir að fullorðnir vilja mennta sig til starfa, að sjálfstraust er mikilvæg undirstaða þess að geta það. Að sjálfstraust eflist og styrkist þegar fólk gerir

sér grein fyrir að það kann og getur margt. Langoftast miklu meira en nokkur þorði að vona í upphafi. Orðin ... en halló ég hef bara alveg helling ... lýsa því hvernig upplifunin var fyrir konu sem tók þátt í raunfærnimati. Síðast en ekki síst að menntun, færni og þekking fólks hefur áhrif á þátttöku þess í lýðræðislegri umræðu. Með því að hlúa að einstaklingum og opna þeim tækifæri til þess að takast á við ný verkefni í vinnu og námi eflast fyrirtækin. Um leið hagnast atvinnulífið, samkeppnishæfnin eflist og hægt verður að skjóta traustari stöðum undir velferðarsamfélagið.

Í ritinu eru að venju sömu föstu liðirnir. Í þættinum „Hvað áttu við?“ eru settar fram tillögur um skilgreiningar og þýðingar á iðorðum sem varða nám fullorðinna. Þá er einnig að finna umfjöllun um tölur úr framhaldsfræðslunni. Að lokum er grein um starfsemi FA og NVL, þau verkefni sem unnið hefur verið að undanfarið ár og eru öll með það að leiðarljósi að auka færni fólks á vinnnumarkaði og efla framhaldsfræðslu. Það er von ritstjórnarinnar að þið lesendur njótið lestursins og hikið ekki við að hafa samband við ritstjórnina, senda henni hugmyndir og athugasemdir og leggja þar með ykkar af mörkum í umfjöllun um nám, ráðgjöf og fræðslu fyrir fullorðið fólk.